

151 ráðaneytinu, að sæmileg kirkja eða bænahús væri fengið, væri send hingað full-
8. nóv. komin skýrsla um alla þá, sem þá verða í utanþjóðkirkjusöfnuðinum, að því tilgreindu, hvar hver eigi heima, og er þá geymt til þess tíma, að taka ákvörðun um takmörkin fyrir starfssvæði prestsins, er leggja verður til grundvallar, þegar ákveða skal nafn eða titil safnaðarins.

Aptur á móti hefur ráðaneytinu þótt varhugavert að fylgja tillögu biskups um hið fjórða atriðið, að prestinum í hinum fyrirhugaða utanþjóðkirkjusöfnuði veitist kostur á að taka vígslu af biskupi landsins, og hefur það því leitað álits kirkjustjórnar ríkisins um það, hvort slík vígsla geti álitizt samkvæm þeim almennu gildandi reglum og grundvallarsetningum kirkjurjettarins, er eigi síður gilda á Íslandi heldur en í konungsríkinu, þar sem hinn umræddi söfnuður ekki að eins er utan þjóðkirkjunnar, heldur jafnvel beinlínis hefur sagt sig út úr henni. Í svari sínu hefur kirkju- og kennslumálastjórnin með skýrskotun til yfirlýsingar Sjálandsbiskups um málið, er hjer með fylgir í eptirriti ásamt brjefi kirkju- og kennslumálastjórnarinnar lýst því yfir, að hún verði að álita það öldungis ósameinanlegt þeim reglum, er gilda um þjóðkirkjuna, að biskupar hennar vígi presta fyrir söfnuði, sem standa fyrir utan þjóðkirkjuna. Með því að ráðaneytið fyrir Ísland verður að öllu leyti að fallast á þessa skoðun, skal jeg hjer með þjónustusaml. tjá yður, til þkl. leiðb. og birtingar fyrir biskupi, að það verður ekki leyft, að biskupinn vígi prest fyrir söfnuð þenna.

152 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um flutning á þing-
12. nóv. stað. — Út af erindi, er mjer hefur borizt frá hreppsnefndinni í Eyrarhreppi við Skutulsfjörð, dags. 18. f. m., undan felli jeg ekki hjer með að tjá yður, herra sýslumaður, til þkl. leiðbeiningar og frekaribirtingarfyrir hreppsnefndinni, að jeg hjer með vil veita samþykki mitt til að þingstaðurinn verði fluttur úr Hnífsdal í Eyrarhreppi inn á svo nefnt Hauganes í sama hreppi, með því skilyrði, að hreppsnefndin skuldbindi sig til að annast um, að ætíð verði til hæfilegt þinghús á hinum nýja þingstað.

153 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.
25. nóv. (Ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að presturinn að Undirfelli í Húnavatnsprófastsdæmi, Hjörleifur próf. Einarsøn, tæki 800 kr. embættislán upp á prestakallið til 15 ára, til þess að halda áfram jarðabótum á túni og engjum prestssetursins, svo og til að viðhalda þeim jarðabótum, sem hann þegar hefur látið framkvæma þar.

154 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um
7. des. sveitfesti purfalings. — Út af erindi, er hingað hefur borizt beina leið frá hrepps-